

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, aðstaða fyrir fisflug og breytt stígakerfi, Hólmsheiði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. mars 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir nýrri tímabundinni aðstöðu fyrir fisflug á Hólmsheiði, túni til landingar og annarri aðstöðu til 10 ára sunnan Langavatns á opnu svæði til sérstakra nota, F/S (fisflug og skógrækt), sbr. nýjan kafla í greinargerð I, 3.2.3. Landnotkunarskilgreining breytist ekki.
2. Reiðstígur norðan hitaveitulagnar, til norðurs vestan Langavatns, breytist í stofnstíg. Lega reiðstígs, norðvestan Langavatns, breytist lítillaga.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 25. mars 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2010